

## Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 11.1.2024

Vallarhús

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Lilja Friðriksdóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Útgönguspá aðalstjórnar fyrir árið 2023

Fyrir aðalstjórn liggja drög að uppgjöri fyrir árið 2023.

*Framkvæmdastjóri fór yfir útgönguspá fyrir árið 2023.*

### 2. Formaður aðalstjórnar

Enn stendur yfir leit að aðila sem er tilbúinn að taka að sér formennsku í aðalstjórn Völsungs.

*Aðalstjórn mun halda leit sinni áfram og málið verður tekið upp að nýju á næsta fundi.*

### 3. Fundargerð sögunefndar

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar fundargerð sögunefndar frá 9.1.2024.

*Fundargerðin lögð fram.*

### 4. Íþróttafólk Völsungs

Óskað verður eftir tilnefningum frá deildum og gefin frestur út 19. janúar. Stefnt verður á kosningu í vikunni á eftir og hafa allir greiðendur kosningarétt. Aðalstjórn ætlar að skoða að tilnefna íþróttældhuga ársins.

### 5. Erindi frá knattspyrnudeild Völsungs

Aðalstjórn barst erindi frá knattspyrnudeildinni 11.1.2024.

*Aðalstjórn frestar afgreiðslu erindisins til næsta fundar.*

### 6. Önnur mál

- Afrekssjóður Norðurþings
  - Stefnt verður á að óska eftir fundi með Fjölskylduráði til að ræða ýmist mál er varðar félagið og þær breytingar sem eru að verða sér stað varðandi tekjur félagsins. Umræða um Afrekssjóð sveitarfélagsins yrði sett á dagskrá þar.

**Fundi slitið: 18:25**